

Ólafur Gunnarsson

- **F.** 30. ágúst 1917 á Stafafelli í Lóni, Austur-Skaftafellssýslu, d. 25. desember 1988.
- **Foreldrar:** Rannveig Júlíana Ólafsdóttir síðar húsfreyja á Fossi á Síðu, f. 1. júlí 1890 í Geithellnahreppi, Suður Múlasýslu, d. 2. mars 1965, og Gunnar Snjólfsson síðar verslunarmaður, póstafræðslumaður og hreppstjóri á Höfn í Hornafirði, f. 2. nóvember 1899 í Bæjarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu, d. 30. ágúst 1983. Foreldrar Ólafs bjuggu ekki saman og fárra mánaða gamall var hann tekinn í fóstur af hjónunum Jónínu *Sigríði* Jónsdóttur, f. 16. október 1873, d. 16. október 1972, og Sigursveini Sigurðssyni, f. 26. október 1877, d. 24. maí 1938, í Vík í Lóni og ólst upp hjá þeim. Kenndi hann sig síðar jafnan við þann bæ.
- **Maki I:** Else Christiane Gunnarsson, fædd Simonsen, kennari, f. 2. mars 1917. Þau gengu í hjónaband 26. desember 1940, en slitu samvistir.
- **Foreldrar maki I:** Dagmar Simonsen (1875-1958) og Christen Simonsen múrarameistari (1879-1969).
- **Börn með maki I:** Kjartan Oscar, f. 2. nóvember 1942 og Hildigerður Dagmar, f. 9. nóvember 1944. Þau ílengdust bæði í Danmörku og störfuðu sem kennarar.
- **Maki II:** Minni Gunnarsson, fædd Kalsæg, f. 27. september 1921. Þau slitu samvistir. Minni ílengdist á Íslandi og starfaði um langt árabíl hjá Frjálsri fölmíðlun, meðal annars sem skrifstofustjóri.
- **Foreldrar maki II:** Olga Kalsæg og Ole Kalsæg kaupmaður.
- **Börn með maki II:** Kari, f. 6. nóvember 1951, sérkennari, og Snorri, f. 12. janúar 1953, læknir.
- **Maki III:** Judith France Foot Gunnarsson kennari, f. 19. apríl 1929 í Ástralíu. Þau gengu í hjónaband 1960.

Námsferill:

- Kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands 1938.
- Nám í tungumálum og norrænum bókmenntum við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn 1939-1940.
- Sálfræðinám við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn 1940-1951 og við háskólann í Kaupmannahöfn 1940-1942.
- Ípróttakennarapróf frá Danmarks Højskole for Legemsøvelser 1942.
- Sótti námskeið í ensku, sænsku og þjóðfélagsfræði í Danmörku á árunum 1943-1945.
- Sótti fyrirlestra um íslenskar bókmenntir við Háskóla Íslands 1945-1947.
- Nám í sálfræði og uppeldisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn 1947-1950. Cand. psych. frá þeim skóla 1950.
- Námsferð til vinnusálfræðistofnana á Norðurlöndum 1952.
- Mörg námskeið á Norðurlöndum.
- Sat alþjóðaráðstefnur sálfræðinga í Edinborg 1948, París 1953, London 1955, Brussel 1957, Kaupmannahöfn 1961 og Ljubljana 1964, sem og norræn sálfræðingamót í Gautaborg 1950, Helsinki 1953, Kaupmannahöfn 1956 og Bergen 1959.

Starfsferill:

- Kennari í Austur-Eyjafjallaskólahverfi 1938-1939.
- Kennari í Kaupmannahöfn 1941-1945.

- Kennari við Austurbæjarskólann í Reykjavík 1945-1946.
- Kennari við barnaskólann í Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi 1946-1947.
- Flutti fyrirlestra um íslensk efni á Norðurlöndum 1950-1951.
- Ráðinn til Reykjavíkurborgar 1951, einkum til að annast starfsfræðslu og leiðbeiningar fyrir unglinga um starfsval. Skipulagði og sá um sérstaka starfsfræðsludaga fyrir unglinga og ungt fólk í samvinnu við forystu atvinnulífsins, þ.á m. verkalýðsfélaga.
- Fréttaritari Politiken í Kaupmannahöfn, Adresseavisen í Þrándheimi, Dagens nyheter í Stokkhólmi, Helsingen Sanomat í Helsinki o.fl. blaða á Norðurlöndum á sjötta og sjöunda áratugnum.
- Kennari við Herning Højskole (nýlegan lýðháskóla) í Danmörku 1965-1966. Kenndi m.a. sálfræði, bókmenntir og fjölskyldufræði.
- Lénsskólasálfræðingur í Hagfors í Värmland-léni í Svíþjóð 1966, síðan í sams konar starfi í Motala í léninu Austur-Gotlandi, og að lokum í Karlskrona í Blekinga-léni í Suður-Svíþjóð.
- Ólafur hætti störfum í Svíþjóð sökum heilsubreysts 1975 og flutti þá til Íslands.

Félagsstörf:

- Meðal stofnfélaga Félags íslenskra sálfræðinga, síðar Sálfræðingafélags Íslands, 1954.
- Formaður Menningarsamtaka háskólamanna frá stofnun þeirra, 1963, til 1964.
- Vann um hrið að veitingu Silfurlampans fyrir besta leik hvers leikárs. Silfurlampinn voru íslensk leiklistarverðlaun sem veitt voru árlega af Félagi leikdómenda á dagblöðunum í Reykjavík 1954-1973.
- Félagi í Pugwash-hreyfingunni, alþjóðlegum samtökum vísindamanna sem starfa að friði. Stofnuð 1957.

Ritstörf:

- Hvað er vinnusálfræði? Útvarpserindi 8.5 1952.
<https://skemman.is/bitstream/1946/25959/5/Vi%C3%B0auki%20vi%C3%B0%20Ritger%C3%B0%20J%C3%B3runn%20Sig.pdf>. Sótt 10.3 2020.
- Sálfræðin í þágu umferðaröryggis. *Akranes*, 7.-9. tbl. 1953, bls. 77-34, frh. á bls. 103. Sjá:
<https://timarit.is/page/5464723?iabr=on#page/n3/mode/2up/search/%C3%B3lafur%20gunnarsson%20fr%C3%A1%20v%C3%ADk%20%20%20l%C3%B3ni>. Sótt 10.3 2020.
- Leiðbeiningar í atvinnuvali. Erindi flutt í Ríkisútvarpið í febrúar 1951 af Ólafi Gunnarssyni, sálfræðingi, frá Vík í Lóni. Birt í *Hlín. Ársriti íslenskra kvenna*. Útgefandi og ritstjóri: Halldóra Bjarnadóttir. Akureyri. Prentverk Odds Björnssonar hf., 1953. Bls. 65-73. Sjá:
<https://timarit.is/page/4992911?iabr=on#page/n73/mode/2up/search/%C3%B3lafur%20gunnarsson>. Sótt 14.3 2020.
- Átta háskólaborgarar ganga undir miðskólapróf. *Menntamál*, XXVI. árg., 1, 1953, bls. 33-36. Sjá:
<https://timarit.is/page/4555448?iabr=on#page/n5/mode/2up/search/%22%C3%81rmann%20Halld%C3%B3rsson%22>. Sótt 4.8 2020.
- Hvað viltu verða? Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja, 1954. (ritfregn Br. J.). *Menntamál*, 2.-4. tbl., 1954, bls. 156-157. Sjá:
<https://timarit.is/page/4555792?iabr=on#page/n121/mode/2up/search/%22Hva%C3%B0>

[%20viltu%20ver%C3%B0a%3F%22](#). Sótt 14.3 2020. Bæklingur/bók þessi var endurútgefin sex sinnum, síðast undir heitinu Starfsval.

- Delerium bubonis. [leiklistargagnrýni]. *Samvinnan*, 3. tbl. 1959, bls. 18. Sjá: <https://timarit.is/page/4288548?iabr=on#page/n17/mode/2up/search/%C3%B3lafur%20gunnarsson%20fr%C3%A1%20v%C3%ADk%20%C3%AD%20%20%C3%B3ni>. Sótt 10.3 2020.
- Listin, ströndin og stjórnurnar. Ólafur Gunnarsson frá Vík í Lóni segir frá heimsókn á Skaga [Skagen] á slóðir Drachmanns og Jónasar Guðlaugssonar. *Samvinnan*, 3. tbl. 1961, bls. 20-24. Sjá: <https://timarit.is/page/4289250?iabr=on#page/n23/mode/2up/search/%C3%B3lafur%20gunnarsson%20fr%C3%A1%20v%C3%ADk%20%C3%AD%20%20%C3%B3ni>. Sótt 10.3 2020.
- Jónína Sigríður Jónsdóttir og Sigursveinn Sigurðsson. Minning. *Íslendingabættir Tímans*, 22. mars 1973, bls. 1-2. Sjá: <https://timarit.is/page/3572387?iabr=on#page/n0/mode/2up>. Sótt 11.3 2020.
- Fjöldi greina í dönsk, finnsk, sænsk, norsk, ensk blöð og tímarit, einkum til fróðleiks um íslensk málefni.

Annað:

Sem að framan getur starfaði Ólafur hjá Reykjavíkurborg við starfsfræðslu og leiðbeiningar fyrir unglunga um starfsval frá 1951. Hann skipulagði og sá um frá miðjum sjötta áratugnum sérstaka starfsfræðsludaga fyrir unglunga og ungt fólk í samvinnu við forystu atvinnulífsins, einkum í Reykjavík en einnig víðar um landið. Starfsfræðsludagar þessir voru haldnir að vori og voru jafnan fjölsóttir. Sem dæmi má nefna að ríflega þrjú þúsund unglingar sóttu tíunda starfsfræðsludaginn sem haldinn var í lðnskólanum í Reykjavík í mars 1963, líkt og fyrir dagar af því tagi.

Það er til marks um stöðu þessarar starfsemi að við setningarathöfn dagsins voru viðstaddir forseti Íslands Ásgeir Ásgeirsson, borgarstjórinn í Reykjavík, Geir Hallgrímsson, ráðuneytisstjórnar og fleiri tignir gestir. (Vísir 22.3 1965, bls. 2).

Á þessu sviði vann Ólafur brautryðjandastarf. Það kemur meðal annars fram í grein Guðbjargar Vilhjálmisdóttur prófessor í náms- og starfsráðgjöf við Félags-, -mannfræði og þjóðfræðideild Háskóla Íslands: „Ég kom að gjörsamlega auðu borði. Saga náms- og starfsráðgjafar á Íslandi frá árdögum til aldamóta.“ (*Tímarit um uppeldi og menntun*, 2016). Þar segir:

Þótt það geti orkað tvímælis að velja forystufólk í þróun fagstéttar til að fjalla sérstaklega um hlýtur það að vera óumdeilt að Ólafur Gunnarsson, Stefán Ólafur Jónsson og Gerður G. Óskarsdóttir teljist vera helstu frumkvöðlar í náms- og starfsráðgjöf á Íslandi. Ólafur Gunnarsson (1917–1988) lauk kennaranámi á Íslandi og nam sálfræði með áherslu á náms- og starfsval í Danmörku á árunum 1947–1950. Að loknu námi réðst Ólafur til starfa hjá Reykjavíkurborg og sinnti þar starfsfræðslu (og raunar víðar um landið) frá 1950–1965. Ólafur kom meðal annars á starfsfræðsludögum sem haldnir voru í lðnskólanum á hverju vori (Magnús Jónsson, 1989), en einnig í „nokkrum helstu kaupstöðum landsins“ (Þórarinn Þórarinnsson, 1967, bls. 221). Starfsfræðsludögunum var tekið „fádæma vel. Þúsundir unglunga hafa sótt þá, og meðal þeirra hefur ríkt mikill áhugi fyrir að hagnýta sér fræðslu þeirra“ (Sigurður Bjarnason og Magnús Jónsson, 1960). Ólafur var höfundur námsefnisins Hvað viltu verða? sem síðar nefndist Starfsval og kom út í sjö útgáfum (Ólafur Gunnarsson, 1954, 1963). Fyrstu skrifin um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi birtust í Hlín, ársriti íslenskra kvenna árið 1953 og byggðust á útvarpserindi sem Ólafur hafði haldið árið 1951. Ólafur ræddi þar meðal annars skort á

allri aðstöðu til að sinna leiðsögn við náms- og starfsval: En hvergi er til stofnun, sem getur veitt Jóni eða Siggu rökstudd ráð, okkur skortir allt á þessu sviði: Hæð próf til að prófa unglíngana og upplýsingaskrifstofu, sem fylgist með þróun atvinnulífsins og veit hvar mestar líkur eru til að miklir atvinnumöguleikar verði í framtíðinni. (Ólafur Gunnarsson, 1953, bls. 67–68) Eftir 1965 starfaði Ólafur sem lénsskólasálfræðingur í Svíþjóð og nýttust starfskraftar hans því ekki lengur hérlendis.

Í grein Þórarins Þórarinssonar, fyrrverandi skólastjóra, Hugleiðingar um starfsfræðslu, segir:

Allir atburðir sögunnar eiga sinn aðdraganda, jafnt smáir sem stórir. Allt frá árinu 1951 má rekja fyrstu drög þessara tíðinda, en það ár hóf Ólafur Gunnarsson, frá Vík í Lóni, störf sín hjá Reykjavíkurborg. Hann var mikill áhugamaður um starfsfræðslu og gaf út árið 1954 fyrstu leiðbeiningar um starfsval, bæklinginn nefndi hann *Hvað viltu verða?* Sjötta útgáfa þessara leiðbeininga kom út 1965 og nefndist nú *Starfsval*. Ólafur skipulagði starfsfræðsludaga með aðstoð forystumanna atvinnuveganna, bæði í Reykjavík og nokkru, helztu kaupstöðum landsins. Starfsfræðsludagar þessir nutu vaxandi vinsælda og aðsóknar. (Þórarinn Þórarinsson, 1967)

Árið 1965 ákvað Ólafur að flytja af landi brott, gerðist fyrst lýðháskólakennari í Danmörku og síðar skólasálfræðingur í Svíþjóð. Fram kemur í minningargrein að honum hafi fundist kerfið á Íslandi þungt í vöfum, yfirvöld áhugalítill og veita litlu fé til starfsfræðslunnar (Magnús Jónsson, 1989). Hann var spurður í viðtali við Vísi um hve lengi hann hygðist dvelja erlendis. Hann svaraði:

Það er óákveðið. Orsökina til þess að ég fer til annarra starfa er sú að ekki fengust samþykkt frumdrög að starfssamningi, sem gerður var um starf mitt milli Reykjavíkurborgar og atvinnuáráðuneytisins. Ég mun gjarnan taka aftur til starfa í þessum efnum ef unnt verður að staðfesta þennan samning eða koma annarri vitrænni skipan á starfsfræðsluna í landinu. (Vísir 1965)

Ekki varð af ofangreindu samkomulagi, Ólafur flutti til Danmerkur og síðar Svíþjóðar og starfaði þar sem sálfræðingur en starfsfræðsla var sett á laggirnar á vegum menntamálaráðuneytisins um þær mundir.

Heimildir:

- Drög Gylfa Ásmundssonar að Sálfræðingatali.
- Rannveig Júlíana Ólafsdóttir í Íslendingabók. Sótt 11.3 2020.
- Gunnar Snjólffsson í Íslendingabók. Sótt 11.3 2020.
- Judith Fr. Gunnarsson í Íslendingabók. Sótt 11.3 2020.
- Minni Gunnarsson í Íslendingabók. Sótt 20.7 2020.
- Menningarsamtök háskólamanna vilja stofna kvikmyndaráð. *Morgunblaðið* 2.4 1964, bls. 27. [Ólafur Gunnarsson var þá formaður samtakanna]. Sjá: <https://timarit.is/page/1356888#page/n26/mode/2up>. Sótt 12.3 2020.
- Silfurlampinn. Sjá: <https://is.wikipedia.org/wiki/Silfurlampinn>. Sótt 12.3 2020.
- Yfir 3 þúsund unglíngar hlutu starfsfræðslu. *Vísir* 22. mars 1965, bls. 3. Sjá: <https://timarit.is/page/2376727#page/n1/mode/2up>. Sótt 13.3 2020.
- Ólafur Gunnarsson fer til Danmerkur. *Vísir* 24.8 1965, bls. 4. Sjá: <https://timarit.is/page/2379027?iabr=on#page/n3/mode/2up/search/%C3%B3lafur%20gunnarsson%20starfsfr%C3%A6%C3%B0sla>. Sótt 13.3 2020.
- Jón Guðnason og Pétur Haraldsson (ritstj.): *Íslenzkir samtíðarmenn*. Síðara bindi K-Ö. Viðbætur. Reykjavík. Bókaútgáfan samtíðarmenn, 1967, bls. 101.

- Þórarinn Þórarinsson, fyrrv. skólastjóri: Hugleiðingar um starfsfræðslu. *Menntamál*, 3. tbl. 1967, bls. 218-226. Sjá: <https://timarit.is/page/4560074?iabr=on#page/n37/mode/2up/search/%C3%B3lafur%20gunnarsson%20starfsfr%C3%A6%C3%B0sla>. Sótt 13.3 2020.
- Ólafur Gunnarsson frá Vík í Lóni: Jónína Sigríður Jónsdóttir og Sigursveinn Sigurðsson. Minning. *Íslendingabættir Tímans*, 22. mars 1973, bls. 1-2. Sjá: <https://timarit.is/page/3572387?iabr=on#page/n0/mode/2up>. Sótt 11.3 2020.
- Ólafur Gunnarsson sálfræðingur – Sextugur. Greinar eftir Jón Ívarsson og Kristinn Björnsson. *Morgunblaðið* 30.8 1977, bls. 34. Sjá: <https://timarit.is/page/1489832?iabr=on#page/n33/mode/2up/search/%C3%B3lafur%20gunnarsson%20fr%C3%A1%20v%C3%ADk%20%20%C3%B3ni>. Sótt 11.3 2020.
- Ólafur Gunnarsson. [Í tilefni sjötugsafmælis] *Dagblaðið Vísir – DV*, 29. ágúst 1987, bls. 31. Sjá: <https://timarit.is/page/2533418#page/n30/mode/2up>. Sótt 11.3 2020.
- Ólafur Gunnarsson sálfræðingur látinn. *Morgunblaðið* 28. desember 1988.
- Magnús Bjarnfreðsson: Minning: Ólafur Gunnarsson sálfræðingur. *Morgunblaðið* 3.1 1989, bls. 42-43. Undir sömu fyrirsögn er minningargrein eftir Magnús Jónsson. Sjá: <https://timarit.is/page/1489832?iabr=on#page/n33/mode/2up/search/%C3%B3lafur%20gunnarsson%20fr%C3%A1%20v%C3%ADk%20%20%C3%AD%20%20%C3%B3ni>. Sótt 11.3 2020.
- Ólafur Gunnarsson sálfræðingur. Kveðjuorð. Guðmundur J. Guðmundsson formaður Dagsbrúnar. *Morgunblaðið* 19. janúar 1989, bls. 43. Sjá: <https://timarit.is/page/1696913?iabr=on#page/n42/mode/2up/search/judith%20foot%20gunnarsson>. Sótt 11.3 2020.
- Vefsíðan „Efterkommere af Find Jensen“ þar sem eru upplýsingar um fyrstu konu Ólafs, Else Christiane, og börn þeirra, Kjartan Oscar og Hildigerði Dagmar. Sjá: <https://leifogmerete.dk/efterkommer/265.htm>. Sótt 11.3 2020.
- „Ekkert svigrúm fyrir hræðslu.“ Viðtal við Minni Gunnarsson Kalsæg. *Morgunblaðið*, sunnudagsblað 18.5 2019. Sjá: https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1722700/?item_num=1&searchid=491343441774d2d99514269f4f6cc39e5477de72. Sótt 11.3 2020.
- Merkir Íslendingar. Ólafur Gunnarsson. *Morgunblaðið* 30.7 2017. Sjá: https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1652390/?searchid=491343441774d2d99514269f4f6cc39e5477de72&item_num=2. Sótt 17.7 2020.
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir: „Ég kom að gjörsamlega auðu borði. Saga náms- og starfsráðgjafar á Íslandi frá árdögum til aldamóta.“ *Tímarit um uppeldi og menntun*, 25(1), 2016, 109-127. Sjá: <file:///C:/Users/Lenovo/Downloads/2165-2816-1-PB.pdf>. Sótt 14.3 2020.



Mynd með grein í Akranesi um umferðaröryggismál 1953, sbr. ritaskrá.